

Fundur TSÍ dags. 1. nóvember kl:17:00

Mætt: Raket Pétursdóttir, Helgi, Gunnar Þór, Hafsteinn Dan og Jónas.

1. Merki TSÍ

Rætt var um hönnun á nýju eða uppfærðu merki TSÍ (logo). Helgi hafði verið í samband við mann að nafni Þór sem sagðist geta gert það fyrir sambandið fyrir kr. 30.000 ef ekki væri um mjög miklar breytingar að ræða eftir að upphaflega hönnunin lægi fyrir. Samþykkt var að fela Helga að útfæra merkið í samstarfi við Þór.

2. Styrkir

Styrkjum var úthlutað vegna þátttöku ungmenna á viðurkenndum mótum erlendis. Alls fengu níu einstaklingar styrk, þ.e. Sverrir Bartolozzi, Vladimir, Kjartan, Hjördís Rósa, Hera, Hinrik, Birkir, Ástmundur og Hjalti. Þeir sem höfðu keppt á einu viðurkenndu móti fengu kr. 10.000 en þeir sem höfðu keppt á tveimur eða fleiri viðurkenndum mótum kr. 20.000. Samtals var 150.000 kr úthlutað.

3. Árshátíð TSÍ

Rætt var um árshátíð TSÍ. Ekkert hafði heyrst frá Þróttarmönnum. Ákveðið var að halda árshátíðina föstudaginn 26. nóvember á Cafe Easy kl:18:00-24:00. Aldurstakmark 16 ára. Veislustjórar væru Hafsteinn Dan og Jón Axel. Jónasi var falið að taka auglýsinguna frá því í fyrra og færa inn uppfærðar upplýsingar. Veitingar (3ja rétta máltíð) kosta ca. kr. 3.200 sem verður fjárhæð aðgangumiða. Setja þarf upp dagskrá, kynna árshátíðina og sjá til þess að í ár borgi allir.

4. Bestu og efnislegustu spilararnir

Hafsteini Dan var falið að senda þjálfurum tölvupóst þar sem beðið var um ábendingar þeirra og umsögn hver væri efnislegasti spilarinn 2010. Stjórn og landsliðsþjálfarar, í samræmi við samþykktar reglur, þurfa síðan að hittast og taka ákvörðun um íþróttamann og –konu ársins og síðan efnilegasta leikmann. Reyna að ná öðrum fund fyrir árshátíð.

5. Afreksmannastefna

Helgi kynnti efni þeirra funda sem hann hefði setið á vegna afreksmannastefnu og þau plögg sem honum hefðu verið fengin til að móta slíka stefnu. Samþykkt var að Helgi myndi eiga fund með fræðslu-, útbreiðslu- og þjálfararnefnda þar sem afreksstefnana yrði unnin. Stefnt yrði að því að hún yrði samþykkt á næsta ársþingi.

6. Mótahald

Rætt var um klikk sem átti sér stað við skráningu í síðasta mót. Raket kynnti fyrir stjórnin upplýsingar frá vefhönnuði að sumar skráningar færu í spam. Mótstjórum ætti að vera

framvegis nægjanlegt að segja einu sinni að þetta væri ekki spam. Ræddar voru hugmyndi Raj um forlista á skráningum. Ákveðið var að mótanefnd skyldi halda fund þar sem ýtt yrði úr vör því að setja reglur og leiðbeiningar um umgjörð móta og ýmis framkvæmdarlega atriði í tengslum við mót og kröfur til mótstjóra vegna þeirra sem rædd voru á fundinum. Jónas kynnti fyrir stjórninni tilraun með næsta mót að láta það ná yfir tvær helgar þar sem okkur vantar velli og sumir leikir eru aðeins upp í 5 lotur.

Samþykkt var að mótanefnd skyldi sameinast fræðslunefnd.

Stjórnin ræddi m.a. um notkun mjúkra bolta fyrir yngri leikmenn og að skipta í aldursflokka fyrir yngstu keppendur.

7. Landsliðsferðir 2011

Á dagskrá er Fed Cup, Davis Cup, Smáþjóðleikar og Ólympíuleikar æskunnar, allt á næsta ári, sem stjórnin þarf að taka afstöðu til. Hafsteini Dan var falið að kanna meðal stelpnanna hvort þær kæmst á Fed Cup og Smáþjóðleikana.

Davis Cup í ár yrði ca. 9.-15. maí

Fed Cup 25.-30. apríl

Smáþjóðleikarnir 30. maí til 4. júní

Ólympíuleikar æskunnar: 23.-30. júlí.

8. Val í landsliðsverkefni 2011

Rætt var fyrirkomulag svokallaðs meistaramót. Jónasi var falið að vera mótstjóri og vinna að útfærslu fyrirkomulagsins með landsliðsnefnd.

9. ÍTR samþykkt að hefja skipulagsvinnu vegna tennisvalla í Reykjavík

Rætt var um vallarmál í Reykjavík og hvernig framtíðin liti út með velli í Rvk.

Fundi slitið.